

STJÓRNARTÍÐINDI B 1 — 1985

8. janúar 1985

1

Nr. 1

REGLUGERÐ um stjórn botnfiskveiða 1985.

I. KAFLI

Heildaraflamark.

1. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar um stjórn botnfiskveiða 1985 miðast við, að á árinu 1985 fari afli eftirtalinn botnfisktegunda eigi fram úr neðangreindu heildaraflamarki:

	Púsund tonn miðað við óslægðan fisk
1. Þorskur	250
2. Ýsa	60
3. Ufsi	70
4. Karfi	110
5. Skarkoli	17
6. Grálúða	30
7. Steinbitur	15

II. KAFLI

Almennt veiðileyfi.

2. gr.

Sérhvert fiskiskip, 10 brl. og stærra, sem gert er út til botnfiskveiða á árinu 1985, sbr. 1. gr., þarf til þess almennt veiðileyfi, sem sjávarútvegsráðuneytið veitir, auk sérstakra veiðileyfa samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma. Fiskiskip, sem vinna og frysta eigin afla um borð þurfa sérstök leyfi.

Öðrum en leyfishöfum, samkvæmt 1. mgr., er óheimilt að stunda botnfiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskiskipum 10 brl. og stærri.

3. gr.

Við veitingu veiðileyfa skv. reglum þessum koma til greina þau skip, sem leyfi fengu til botnfiskveiða á árinu 1984 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, ennfremur ný og nýkeypt skip, hafi kaupin verið gerð milli útgerðar og seljanda fyrir 31. desember 1983.

Önnur skip en að framan greinir koma því aðeins til greina, að í stað nýs eða nýkeypts skips hverfi annað af svipaðri stærð úr rekstri. Skal leita umsagnar samráðsnefndar skv. 18. gr., áður en fallist er á að veita slíkum skipum veiðileyfi skv. þessum reglum.

4. gr.

Almennt veiðileyfi fyrir árið 1985 samkvæmt 2. gr. skal annað hvort bundið skilyrðum um ákveðið aflamark, sbr. V. kafla eða sóknarmark með þorskaflahámarki, sbr. VI. kafla. Skulu útgerðir fiskiskipa velja skriflega milli almenns veiðileyfis með aflamarki og almenns veiðileyfis með sóknarmarki fyrir tímamörk, sem ráðuneytið auglýsir. Hafi útgerð fiskiskips ekki valið fyrir auglýst tímamörk, skal skipi úthlutað almennt veiðileyfi með aflamarki.

III. KAFLI

Botnfiskveiðar minni báta.

5. gr.

Bátar undir 10 brl., sem stunda botnfiskveiðar hafa sameiginlegt heildaraflamark er skiptist þannig niður á tímabil:

	Tímabil 1 jan.–apríl tonn, ósl.	Tímabil 2 maí–júní tonn, ósl.	Tímabil 3 júlí–ágúst tonn, ósl.	Tímabil 4 sept.–des. tonn, ósl.	Árið allt tonn, ósl.
1. Þorskur	1 530	2 840	3 670	1 380	9 420
2. Ýsa	100	70	130	400	700

Fari afli báta undir 10 brl., fram úr ofangreindum mörkum á ákveðnu tímabili, er ráðuneytinu heimilt að stöðva veiðar þeirra um sinn.

Hafi veiðar báta verið stöðvaðar á síðasta tímabili, sbr. 1. mgr. getur ráðherra leyft flutning á aflamarki af bátum 10 brl. og stærri til báta minni en 10 brl. samkvæmt reglum 20. gr., eða úthlutað ákveðnu aflamarki til þeirra, þó ekki meira en 1 000 lestum samanlagt, enda sé viðkomandi bátum haldið út til veiða í atvinnuskyni allt árið.

IV. KAFLI

Flokkar fiskiskipa.

6. gr.

Samráðsnefnd, sbr. 18. gr. skal m. a. með hliðsjón af 6. gr. reglugerðar 44/1984 og á grundvelli veiða fiskiskipa eftir 31. október 1983 flokka öll íslensk fiskiskip í eftirgreinda útgerðarflokka:

1. Skip, sem eru horfin úr rekstri.
2. Loðnuskip.
3. Skelfiskbáta.
4. Rækjubáta.
5. Humar- og reknetabáta.
6. Humarbáta aðra.
7. Síldarbáta.
8. Aðra báta.
9. Togara.

Við ákvörðun þorskaflahámarks samkvæmt 16. gr., skal í meginatriðum leggja til grundvallar meðalþorskaflamark í viðkomandi útgerðar- og stærðarflokki skips á sama veiðisvæði með 20% álagi.

Stærðarflokkar teljast í þessu sambandi:

1. Bátar	10. brl. — 20 brl.
2. Bátar	stærri en 20 brl. — 50 brl.
3. Bátar	stærri en 50 brl. — 110 brl.
4. Bátar	stærri en 110 brl. — 200 brl.
5. Bátar	stærri en 200 brl. — 500 brl.
6. Bátar	stærri en 500 brl.
7. Togarar	stærri en 200 brl. — 500 brl.
8. Togarar	stærri en 500 brl.

Við stærðarflokkun fiskiskipa er miðað við mælingarbréf Siglingamálastofnunar ríkisins, sem gildir við útgáfu reglugerðar þessarar.

Við ákvörðun þorskaflahámarks, samkvæmt 16. gr. fyrir flokk 7, togara 200 — 500 brl., skal það metið sérstaklega fyrir togara 39 metra og styttri annars vegar, og hins vegar fyrir togara lengri en 39 metrar, miðað við mestu lengd skipsins, sbr. 4. mgr.

Veidisvæði markast í þessu skyni af verstöðinni, þaðan sem fiskiskipi er haldið til róðra.

Veidisvæðin eru þessi:

Svæði 1: Frá Eystra-Horni suður um að Látrabjargi.

Svæði 2: Frá Látrabjargi norður um að Eystra-Horni.

Heimilt er að víkja frá ofangreindum ákvæðum um mörk veidisvæða sé það nauðsynlegt vegna sérstöðu veidiskips.

V. KAFLI

Aflamark.

7. gr.

Fiskiskipi skal úthlutað almennu veiðileyfi með aflamarki í eftirgreindum fisktegundum: þorski, ýsu, ufsa, karfa og grálúðu.

8. gr.

Við úthlutun almenns veiðileyfis með aflamarki til fiskiskips fyrir árið 1985, skal lögð til grundvallar aflamarksúthlutun fyrir sama skip fyrir árið 1984 (þ. e. á grundvelli rg. 44/1984, með áorðnum breytingum) og skal aflamark aðeins breytast í hlutfalli við breytingar á heildaraflamarki hvernar fisktegundar sbr. 17. gr. Þó skal endurskoða botnfiskaflamark þeirra skipa, sem flokkuð eru í flokk 2.—7. skv. 6. gr. og úthluta þeim aflamarki á grundvelli aflareynslu þeirra eftir 1. nóvember 1980, utan sérveitímabila í viðkomandi flokki samkvæmt 6. gr. Sama gildir um aflamark þeirra skipa, sem leyfi hljóta til dragnótaveiða í Faxaflóa.

Við úthlutun aflamarks til skips, getur samráðsnefnd, sbr. 18. gr. breytt aflamarki einstakra fisktegunda ef sýnt þykir, vegna breytinga í rekstri skips, að skip geti ekki nýtt sér ákveðnar fisktegundir, enda raskist ekki við þessa breytingu heildaraflaverðmæti aflamarksins.

Tekin verður ákvörðun um úthlutun aflamarks til loðnubáta þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á vertíðinni 1984/1985.

9. gr.

Fiskiskip, sem fengu meðalaflamark á árinu 1984 samkvæmt ákvæðum reglugerðar 44/1984 eiga ekki rétt á almennu veiðileyfi með aflamarki, nema að því marki, sem afli þeirra sjálfra á árinu 1984 nam eða aflamarki samkvæmt 8. gr.

Samráðsnefnd samkvæmt 18. gr. skal meta að hve miklu leyti hvert slíkt skip telst hafa náð meðalaflamarki.

10. gr.

Velji útgerð fiskiskips almennt veiðileyfi með aflamarki sbr. 4. gr., er slíkt leyfi veitt með því skilyrði að afli skips af fisktegundum samkvæmt 7. gr. fari ekki fram úr því aflamarki, sem tilgreint er í veiðileyfi.

Aflamark hvers skips skal talið í heilum tonnum og miðað er við slægðan fisk með haus, að karfa undanskildum.

Þegar breyta skal óslægðum fiski í slægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni **0.80** en grálúðu með tölunni **0.92**.

Þegar breyta skal slægðum fiski í óslægðan skal margfalda þorsk, ýsu og ufsa með tölunni **1.25** en grálúðu með tölunni **1.09**.

Þorskur og ufsi smærri en 50 cm, ýsa smærri en 45 cm og karfi innan við 500 g telst ekki með í aflamarki skips.

Við línuveiðar í janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskips en réttur línuskipa til framsals sbr. 20. gr. skerðist sem svarar öllum línuafli þess á því tímabili.

Afli, sem fluttur er óunninn á erlendan markað á árinu 1985, skal reiknast með 10% álagi, þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni.

11. gr.

Útgerðaraðili skal senda Fiskifélagi Íslands skýrslur um afla á þar til gerðum eyðublöðum og skulu skýrslur þessar útfylltar eins og fyrir er mælt á þeim.

VI. KAFLI

Sóknarmark.

12. gr.

Sóknarmark er ákveðinn fjöldi sóknardaga á tilgreindum tímabilum. Sóknarmark hefst þegar skip heldur úr löndunar- eða heimahöfn til veiða og lýkur þegar skip kemur í höfn með veiðarfæri innanborðs til löndunar afla, enda haldi það ekki úr höfn til veiða aftur fyrir en liðnir eru a. m. k. þrjú sólarhringar.

Sigli skip með eigin afla til löndunar á erlendum mörkuðum telst sá tími, sem fer til siglingar út til sóknarmarks.

Engar takmarkanir eru á fjölda sóknardaga hjá línuveiðiskipum í janúar og febrúar.

13. gr.

Velji útgerð fiskiskips almennt veiðileyfi með sóknarmarki, sbr. 4. gr., er slíkt veiðileyfi veitt með því skilyrði, að sóknardagar fari ekki fram úr tilgreindum fjölda á ákveðnu tímabili sbr. 15. gr. og þorskafla fari ekki yfir ákveðið hámark sbr. 16. gr.

14. gr.

Útgerð fiskiskips, sem valið hefur sóknarmark fyrir skip sitt, skal tilkynna Fiskifélagi Íslands eigi síðar en 3 dögum eftir lok hvers mánaðar á þar til gerðu eyðublaði, hvaða daga viðkomandi skip hefur nýtt til sóknar á botnfiskveiðum á tímabilinu. Ennfremur er skylt að skila aflaskýrslum skv. 11. gr.

Frávik vegna tafa í veiðiferðum allt að þremur dögum er heimilt með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila. Fari slík frávik fram úr þremur dögum um einn eða tvo daga reiknast þeir tvöfaldir til frádráttar á næsta tímabili. Frávik umfram fimm daga teljast brot á reglum þessum, sbr. 4. mgr. 24. gr.

Einnig er heimilt með samþykki ráðuneytisins að færa milli tímabila allt að fjóra af hverjum fimm sóknardögum, sem ekki hafa nýst til fiskveiða enda hafi skip orðið að liggja í höfn a. m. k. fimmtán daga vegna meiriháttar bilana.

15. gr.

Í töflu hér á eftir er tilgreindur fjöldi sóknardaga á einstökum tímabilum samkvæmt flokkun veiðiskipa í IV. kafla:

Útgerðarflokkur 2, loðnubátar.

Tímabil 1 Mars–apríl	Tímabil 2 Maí–ágúst	Samtals
-------------------------	------------------------	---------

Sjávarútvegsráðuneytið ákveður fjölda sóknardaga loðnubáta þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á vertíðinni 1984/1985.

Útgerðarflokkur 3, skelbátar.

Tímabil 1 Mars–apríl	Tímabil 2 Maí–ágúst	Samtals
25	45	70

**Útgerðarflokkur 4, rækjubátar.
Suður- og Vesturland.**

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 sept.–des.	Samtals
30	35	45	110

Vestfirðir, Norðurland.

Tímabil 1 Apríl–maí	Tímabil 2 Júní–des.	Samtals
35	65	100

Útgerðarflokkur 5, humar- og reknetabátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí	Tímabil 4 Ágúst–des.	Samtals
35	40	10	45	130

Útgerðarflokkur 6, humarbátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí	Tímabil 4 Ágúst–des.	Samtals
35	40	10	70	155

Útgerðarflokkur 7, sildarbátar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–sept.	Tímabil 4 Okt.–des.	Samtals
35	40	60	30	165

Útgerðarflokkur 8, bátar án sérveiða.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–ágúst	Tímabil 4 Sept.–des.	Samtals
35	40	70	70	215

Útgerðarflokkur 9, togarar.

Tímabil 1 Jan.–febr.	Tímabil 2 Mars–apríl	Tímabil 3 Maí–ágúst	Tímabil 4 Sept.–des.	Samtals
44	48	88	90	270

16. gr.

Fiskiskipi, sem fær almennt veiðileyfi með sóknarmarki er óheimilt á árinu 1985 að veiða meira magn af þorski en tilgreint er í töflu í 2. mgr. þessarar greinar, sbr. 6. gr., eða sem svarar þorskaflamarki þess sjálfs sbr. 7.—9. gr., að viðbættu 20% álagi, hvort sem reynist hærra.

Þorskaflahámark sóknarmarksskipa er sem hér greinir fyrir hvern stærðar-, útgerðar- og veiðisvæðisflokk fiskiskipa, sbr. 6. gr. Miðað er við slægðan þorsk með haus.

Útgerðarflokkur 2.

Loðnuskip: Þorskaflahámark fyrir loðnuskip verður ákveðið þegar fyrir liggur hversu mikið af loðnu verður leyft að veiða á ver-
tíðinni 1984/1985.

Útgerðarflokkur 3.

Skelbátar: 10 brl. — 20 brl. : 30 lestir
Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 50 lestir
Stærri en 50 brl. — 110 brl. : 100 lestir
Stærri en 110 brl. : 150 lestir

Útgerðarflokkur 4.

Rækjubátar: 10 brl. — 20 brl. : 40 lestir
Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 80 lestir
Stærri en 50 brl. : 100 lestir

Útgerðarflokkur 5.

Humar- og reknetabátar: 280 lestir

Útgerðarflokkur 6.

Humarbátar: 50 brl. og minni : 100 lestir
Stærri en 50 brl. : 220 lestir

Útgerðarflokkur 7.

Síldarbátar: 110 brl. og minni : 300 lestir
Stærri en 110 brl. : 400 lestir

Útgerðarflokkur 8.

Aðrir bátar: 10 brl. — 20 brl. : 100 lestir
Stærri en 20 brl. — 50 brl. : 180 lestir
Stærri en 50 brl. — 110 brl. : 300 lestir
Stærri en 110 brl. — 200 brl. : 400 lestir
Stærri en 200 brl. : 450 lestir

Útgerðarflokkur 9.

	Svæði I	Svæði II
Togarar:	39 metrar og styttri : 450 lestir	900 lestir
	Stærri en 200 brl. — 500 brl. : 800 lestir	1500 lestir
	Stærri en 500 brl. : 700 lestir	1500 lestir

Varðandi útgerðarflokk 3 og 4 er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. um þorskaflahámark og ennfremur ákvæðum 15. gr. um sóknardagafjölda, sé það talið nauðsynlegt vegna breytilegra aflatekna af þeim sérveiðum.

Við línuveiðar í janúar og febrúar reiknast 50% þorskaflans ekki til þorskaflahámars sbr. 2. mgr.

17. gr.

Pegar meta skal, við úthlutun veiðileyfa botnfiskafla, heildarþorskaflamark þeirra skipa, sem velja kunna sóknarmark, skal miða við að þau hefðu fengið almennt veiðileyfi með aflamarki samkvæmt 7.—9. gr.

VII. KAFLI

Samráðsnefnd og flutningur aflamarks o. fl.

18. gr.

Sérstök samráðsnefnd skipuð einum fulltrúa frá samtökum sjómanna og einum fulltrúa frá samtökum útvegsmanna auk formanns, sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um öll álit- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt reglugerð þessari.

Nefndin skal skila skriflegum tillögum til ráðuneytisins um úrlausn einstakra mála.

19. gr.

Tilkynna skal útvegsmönnum um úthlutun aflamarks eða sóknarmarks til þeirra eigi síðar en 31. janúar 1985. Afli og sókn hvers skips á tímabilinu 1. janúar til 31. janúar 1985 telst hluti af aflamarki eða sóknarmarki þess fyrir árið 1985.

Útvegsmenn eiga kost á að gera athugasemdir fram til 20. febrúar 1985. Samráðsnefnd, skv. 18. gr., skal fjalla um athugasemdir þeirra svo fljótt sem kostur er. Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar um breytingar á aflamarki.

20. gr.

Heimilt er að færa aflamark milli skipa sömu útgerðar eða skipa, sem gerð eru út innan sömu verstöðvar, eftir því sem hlutaðeigandi útgerðaraðilar koma sér saman um. Sama gildir um skipti á aflamarki milli skipa, sem ekki eru gerð út frá sömu verstöð, enda sé um jöfn skipti að ræða reiknað á gildandi fiskverði.

Tilkynna skal fyrirfram um flutning aflamarks milli skipa til sjávarútvegsráðuneytisins og öðlast hann ekki gildi fyrr en sjávarútvegsráðuneytið hefur staðfest móttöku tilkynningar um flutninginn frá þeim, sem hlut eiga að máli.

Annar flutningur á aflamarki milli skipa er óheimill nema að fengnu samþykki sjávarútvegsráðuneytisins að fenginni umsögn sveitarstjórnar og stjórnar sjómannafélags í viðkomandi verstöð.

Skip, sem hafa almennt leyfi með sóknarmarki, geta ekki flutt þorskaflahámark sitt sbr. 16. gr. á önnur skip.

Aflamark fylgir skipi ekki sjálfkrafa við sölu þess. Um framsal aflamarks skipa, sem eigendaskipti verða á árið 1985, skulu gilda sömu reglur og um annað framsal aflamarks samkvæmt þessari grein og þarf til þess sérstakt samkomulag kaupanda og seljanda.

Samráðsnefnd, sbr. 18. gr., skal fjalla sérstaklega um aflamark þeirra skipa, sem eigendaskipti hafa orðið á árið 1984.

21. gr.

Þær útgerðir sem sæta lækkun á aflamarki vegna aflatekna af rækju-, humar-, skelfisk-, loðnu- og síldveiðum skulu að öllu jöfnu hafa forgang við úthlutun leyfa til slíkra veiða á árinu 1985.

Á hliðstæðan hátt er heimilt að auka aflamark þeirra skipa, sem kunna að fá úthlutað rýrari heimild á árinu 1985 til veiða á rækju, humri, skelfiski, loðnu eða sætt hafa skerðingu vegna þeirra veiða.

Fái útgerð skips, sem ekki hefur haft leyfi til veiða á rækju, humri, skelfiski, loðnu eða síld úthlutað slíku leyfi á árinu 1985 skal skerða botnfiskleyfi þess á hliðstæðan hátt og gert var samkvæmt rg. 44/1984.

Sá fiskafli, sem veiðiskip fær við rækju- og humarveiðar telst til aflamarks þess sbr. 7. gr. og aflahámarks sbr. 16. gr. Ráðherra setur reglur í leyfisbréfi um annan afla utan aflamarks og þorskaflahámarks.

22. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur breytt áður veittu aflamarki og sóknarmarki allra veiðiskipa frá 8. apríl 1985 í ljósi álits Hafrannsóknastofnunarinnar á ástandi fiskistofnanna.

VIII. KAFLI

Eftirlit, viðurlög o. fl.

23. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið hefur eftirlit með framkvæmd þessara reglna og skulu eftirlitsmenn þess m. a. styðjast við upplýsingar frá Ríkismati sjávarafurða og skýrslur Fiskifélags Íslands, sbr. 11. og 14. gr. Útgerðarmönnum, skipstjórnamönnum og fiskkaupendum er skylt að láta í té allar upplýsingar um afla af einstökum tegundum, um úthald og sjósókn sem þörf er á vegna þessa eftirlits.

24. gr.

Fari fiskiskip fram úr aflamarki einnar fisktegundar skal skerða aflamark þess á öðrum tegundum hlutfallslega, enda séu þessi frávík samanlögð innan við 10% af verðmæti aflamarks þess af öllum botnfisktegundum skv. reglum þessum miðað við gildandi fiskverð. Framangreint 10% hámark af verðmæti aflahámarks samkvæmt þessari grein gildir þó ekki um tilfærslu á aflamarki frá þorski yfir á aðrar tegundir.

Fari afli skipsins fram úr þessu 10% marki, skal fara með slík brot samkvæmt 26. gr., sbr. lög nr. 32. 19. maí 1976 um upptöku ólöglegs sjávarafla. Sama gildir eigi skip ekki ónotað aflamark til jöfnunar innan 10% marksins.

Hafi aflamark eða hluti þess verið flutt milli skipa samkvæmt 20. gr. flyst heimild til 10% breytinga milli fisktegunda hlutfallslega frá því skipi, sem aflamarkið er flutt frá, yfir á það skip sem aflamarkið fær.

Skip, sem hafa almennt leyfi með sóknarmarki hafa ekki heimild til breytinga samkvæmt 1. mgr. Fari þau skip yfir þorskaflahámark samkvæmt 16. gr. eða stundi veiðar fram yfir leyfilegan sóknardagafjölda á hverju tímabili, sbr. 15. gr. varðar það sömu viðurlögum og samkvæmt 2. mgr.

25. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið getur sett nánari reglur um framkvæmd reglugerðar þessarar, ef nauðsyn krefur.

26. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 1. mgr. 18. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. 4. gr. laga nr. 118 31. desember 1984. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, sbr. lög nr. 118 31. desember 1984, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. janúar 1985.

Halldór Ásgrímsson.

Jón L. Arnalds.